

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu  
101 Reykjavík



**Sent á Samráðsgátt**

Reykjavík, 7. ágúst 2020

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 3. júlí 2020. Með frumvarpinu eru sett fram ný heildarlög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og er þeim ætlað að leysa af hólmi lög nr. 10/2008. Leitast er við að bæta úr annmörkum á eldri lögum en einnig geymir frumvarpið nýmæli. Má þar helst nefna að frumvarpið tekur nú jafnframt mið af fólki með hlutlausa kynskráningu. Auk þess er þar að finna ákvæði um fjölbætta mismunun og hún gerð óheimil. Samhliða þessu frumvarpi var birt á samráðsgátt stjórnvalda frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála sem ná til stjórnslu jafnréttismála samkvæmt þessu frumvarpi og lögum nr. 85/2018 og 86/2018.

### **1. Jákvæðar breytingar**

Að mati SA er margt í frumvarpinu til bóta frá núgildandi lögum. Má þar sérstaklega nefna að vísað er til 2012 útgáfu jafnlaunastaðals í 11. tl. 2. gr. frumvarpsins en í núgildandi lögum er eingöngu rætt um staðalinn ÍST:85. Með breytingum tækninefndar Staðlaráðs á staðlinum var Alþingi því að framselja löggjafarvald og því mikilvægt að bæta úr orðalagi ákvæðisins.

Uppsetning laganna er skýrari og það er jákvætt að hafa ákvæði um stjórnslu jafnréttismála í sérstökum lögum. Einnig er jákvæð breyting að allar reglugerðarheimildir ráðherra má nú finna í 32. gr. frumvarpsins í stað þess að þær séu á víð og dreif um lagabálkinn.

Eftirfarandi eru athugasemdir SA við frumvarpið.

### **2. Skilgreining á starfsmannafjölda**

Í greinargerð með frumvarpinu segir á bls. 18 að með frumvarpinu sé leitast við að veita frekari leiðbeiningar um hvað felst í orðunum „að jafnaði á ársgrundvelli.“ Hugtakið kemur oft fyrir í lögnum og er skýrt í athugasemdum með 6. gr. Að mati SA er hins vegar mikilvægt að hugtakið sé skýrt í lagatextanum sjálfum svo að fyrirtæki, stofnanir og eftirlitsaðilar geti með góðu móti gert sér grein fyrir hvað felst í því. SA leggja því til að hugtakinu sé bætt við orðskýringar 2. gr. og við greinina bætist því svohljóðandi 13. tl.:

*13. Fjöldi starfsmanna að jafnaði á ársgrundvelli: Meðalfjöldi starfsmanna atvinnurekanda óháð starfshlutfalli, sem fékk greidd laun á almanaksárinu. Meðalfjöldi á ári reiknast sem meðaltal starfsmannafjölda hvers mánaðar.*

### **3. Jafnlaunavottun**

Í athugasemdum greinargerðar með 6. gr. frumvarpsins er farið yfir hvenær fyrirtæki eða stofnun skuli hafa öðlast jafnlaunavottun eftir stofnun, eða breytingu á fjölda starfsfólks, t.d. vegna stækkunar eða samruna. Að mati SA vantar leiðbeiningar um hvernig farið skuli með fyrirtæki eða stofnanir þar sem starfsmönnum fækkar. Það er óeðlilegt að þau þurfi að uppfylla skilyrði jafnlaunavottunar í langan tíma eftir að starfsmönnum fækkar og fer undir 25 starfsmanna viðmiðið. Á þessu þarf að taka í greinargerð.

Að mati SA verður jafnframt að tryggja samstæðum fyrirtækja, þ.e. félögum og dótturfélögum, heimild í frumvarpinu að fara í gegnum eina jafnlaunavottun, þegar þau kjósa það. Ef bæði

móðurfélag og dótturfélag falla undir skilyrði 6. gr. frumvarpsins gæti verið hagkvæmt fyrir samstæðuna að fara í gegnum eina vottun þar sem að líkindum eru upplýsingar og gögn fyrir vottunarferlið þau sömu.

#### 4. Jafnlaunastaðfesting

Í 7. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir fyrirtæki eða stofnun þar sem starfa 25-49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að gangast undir jafnlaunastaðfestingu. Þannig hefur fyrirtæki eða stofnun samkvæmt þessari grein val um það hvort það gangist undir jafnlaunavottun eða staðfestingu. SA fagna þessari breytingu. Hins vegar telja SA að miða eigi þetta val við fyrirtæki eða stofnanir þar sem starfa 25-99 manns að jafnaði á ársgrundvelli líkt og gert er í kjarasamningum í dag. Lokamarkmiðið er að sem flest fyrirtæki fái jafnlaunavottun og líklegt er að jafnlaunastaðfestingin sé hvatning á þeirri vegferð. Því fleiri fyrirtæki sem hafa aðgang að þeirri leið, því betra.

Í 1. - 6. tl. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er að finna skilyrði sem fyrirtæki eða stofnun þurfa að uppfylla til þess að öðlast jafnlaunastaðfestingu. Í 3. mgr. má svo finna viðbótarskyldu fyrirtækis eða stofnunar til þess að skila Jafnréttisstofu samantekt um mat æðsta stjórnanda fyrirtækis eða stofnunar á frammistöðu í jafnlaunamálum og stöðu úrbóta, sbr. einnig 3. mgr. 8. gr. Að mati SA þarf að fella brott úr frumvarpinu þessa kvöð sem lögð er aukalega á fyrirtæki og stofnanir með 3. mgr. 7. gr. Með stöðugum skýrsluskilum fyrirtækja og stofnana til Jafnréttisstofu eru bæði lagðar óþarfar íþyngjandi kvaðir á fyrirtæki og stofnanir sem þegar hafa uppfyllt næg skilyrði og jafnframt er gert ráð fyrir mikilli vinnu af hálfu Jafnréttisstofu við yfirferð gagnanna. Mikilvægt er að gera ferlið aðgengilegt og fyrirhafnarlítið og ekki bæta við óþarfa skilyrðum.

#### 5. Jafnréttisráð

Fækkun fulltrúa í Jafnréttisráði er jákvæð breyting sem gæti stuðlað að bættri virkni ráðsins miðað við núverandi ástand. Hins vegar hefði, að mati SA, verið tímabært að leggja ráðið niður alfarið og finna vinnu þess annan farveg, til dæmis með samráðsvettvangi sem fundar reglulega með aðkomu ráðherra.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda styðja SA að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

*Heiðrún B. Gísladóttir*

Heiðrún Björk Gísladóttir